

REG-0084 Úrskurðarnefnd um réttindamál nemenda og meðferð erinda

ÚRSKURÐARNEFND UM RÉTTINDAMÁL NEMENDA OG MEÐFERÐ ERINDA

Ef nemandi telur sig beittan órétti getur hann beint máli sínu í eftirfarandi farveg: Nemandi snýr sér til fagstjóra, deildarforseta eða námsráðgjafa sem taka málið til umfjöllunar og leita lausna á því. Uni nemandi ekki þeirri lausn skal hann senda skriflegt erindi ásamt rökstuðningi til úrskurðarnefndar í réttindamálum nemenda.

1. gr.

Úrskurðarnefnd tekur til umfjöllunar agamál og mál sem tengjast réttindum nemenda. Úrskurðarnefnd fjallar þó ekki um námsmat og endurmetur ekki prófúrlausnir eða faglega niðurstöðu kennara, dómnefnda eða prófdómara.

2. gr.

Í úrskurðarnefnd sitja fulltrúi deildarforseta, sem er formaður nefndarinnar, og tveir fulltrúar akademískra starfsmanna. Gæta skal sem mest jafnvægis varðandi skipan eftir deildum. Deildarforsetar kjósa sín á milli hver situr fyrir þeirra hönd sem formaður.

Fagráð skólans skilgreinir nánar starfssvið nefndarinnar, skipar tvo fulltrúa akademískra starfsmanna og setur henni starfsreglur.

3. gr.

Erindi skulu lögð fyrir nefndina með skriflegum hætti þar sem skilmerkilega er greint frá því hvert álitæfnið er, hver krafa nemanda er og rökstyðja hana.

4. gr.

Úrskurðarnefnd tekur erindi til umfjöllunar og skal fjalla um álitæfnið svo fljótt sem unnt er og afgreiða það að jafnaði eigi síðar en innan mánaðar frá því að erindið barst. Ef mál er viðamikilið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma, skal tilkynna hlutaðeigandi það og tilgreina hvenær afgreiðslu sé að vænta.

Nefndinni er heimilt að afla upplýsinga og gagna og óska eftir umsögn um álitæfnið og jafnframt að kveðja sér til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Nefndin getur einnig óskað eftir því að tilteknir aðilar komi til viðtals til þess að tjá sig um málefni, sem tengjast álitæfninu.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera skriflegir og þar skal getið helstu gagna sem liggja til grundvallar niðurstöðu. Niðurstöðu skal fylgja rökstuðningur. Meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar.

Upplýsingar um skjalið

Tegund:	Regla
Útg.d:	1.12.2022
Útgáfa:	2.0
Áb.maður:	Mannauðsstjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]

5. gr.

Uni nemandi ekki niðurstöðu nefndarinnar getur hann sent skriflegt erindi ásamt rökstuðningi til rektors innan 30 daga frá því að niðurstaða úrskurðarnefndar er birt honum. Rektor fer yfir málið, tekur ákvörðun og nemandi fær skriflegt svar þar sem niðurstaða málsins er rökstudd innan 10 daga. Niðurstaðan er endanleg.

6. gr.

Nefndin skal halda málaskrá. Nefndin skal árlega senda framkvæmdaráð skýrslu um mál sem henni hafa borist.

Samþykkt af framkvæmdaráði 1. desember 2022.

Upplýsingar um skjalið

Tegund:	Regla
Útg.d:	1.12.2022
Útgáfa:	2.0
Áb.maður:	Mannauðsstjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]